

FRÉTTABRÉF SNARFARA MAÍ 2017

Ágætu félagsmenn.

Sumarið byrjar í lok þessarar viku samkvæmt spám veðurstofunnar. Það er líka að sjá í Snarfara en starfsemin er að hrökkva í gang. Strandveiðibátarnir eru flestir búnir að gera sig klára og margir að hverfa út á land yfir sumartímann og sjást ekki aftur fyrr en hausta tekur. Skútumenn eru farnir að huga að hífingu og mótorbátar af öllum stærðum og gerðum búnir að mála og bóna, setja í gang og hlusta á rokkið undan hestöflunum.

Fugla- og dýralífið er líka komið á fullt skrið á Fleyvangi. Gæsin farin að gera sig breiða og hvæsa á hvern þann sem dirfist að nálgast of mikið hreiðurstað, sandlóan, tjaldurinn, hrossagaukurinn og skógarþrösturinn eru svæðinu öllum til yndisauka og skemmtunar. Sinfóníur nátturunnar eru fluttar á hverjum degi ókeypis niður í Snarfara og það bætast við hljóðfæraleikarar á hverjum degi. Allir syngja með sínu nefi og tónlistahæfileikarnir meðfæddir. Nú bíðum við eftir Kríunni þessum sanna sumarboð. Þegar hún birtist er sannarlega komið sumar í Snarfara.

Við áttum félagafund þann 27. apríl þar sem við ræddum framtíð Snarfara og hvernig við sæjum starfsemina fyrir okkur til framtíðar. Þeim hugmyndum sem komið verður til Rvk-borgar í tengslum við deiliskipulag svæðisins voru kynntar og ræddar. Þar var ýmislegt nefnt eins og að fá leyfi til að byggja stærra félagsheimili, leyfi til að byggja viðgerðarskemmu, leyfi til að stækka höfnina að malbika meira o.fl. Það rann upp fyrir mér áðan að það nefndi engin á þessum fundi nátturuna og dýralífið í Snarfara. Það þarf sitt pláss og sjá þarf til þess að vinir okkar eigi afturkvæmt á hverju ári til hreiðurgerðar og tónlistariðkunnar okkur til yndisauka og gleði.

Hér eru svo nokkrar fréttir úr starfseminni og ein spurning fyrir á sem kynnu að nota bátalyftuna en vantar undirstöður. :

- Borgarsögusafn hafði samband en þeir vilja að við setjum bryggjuna út í Vðey. Fer út líklega næstu daga eða í næstu viku.
- Búið er að skipta um plötur í landgangi á A-bryggju en þær voru orðnar hættulegar
- Skeljungur lætur okkur vita fyrir 3.mai hvort þeir haldi áfram starfsemi á svæðinu eða ekki
- Búið er að greiða fyrstu greiðslu vegna bátalyftunnar
- Búnaður vegna kortahliðs kemur í maí og hefst uppsetning á hliðinu von Bráðar
- Hugmyndin er að bjóða þeim sem vilja kaupa undirstöður undir báta sína sem henta bátalyftu að panta núna og fá undirstöðurnar í sama gámi og bátalyftuna. Þeir sem hafa áhuga sendi póst á snarfari@snarfari.is og láti okkur vita (án skuldbindingar á þessum tímapunkti). Við höfum svo samband varðandi framhaldið.

Já og engin bauð sig fram í vinnu till að mála félagsheimili. Við bjóðum því verkið út og á næstu bls er form sem við biðjum áhugasama um að fylla út vilji þeir gera tilboð og senda á snarfari@snarfari.is. Held að 10 dagar sé ágætis frestur til þess arna eða frá og með sendingu þessa tölvupósts.

F.h stjórnar Póe

Verkkaupi.

Snarfari félag skemmtibátaeigenda

Naustavogur 15, 105 Reykjavík

Kt: 630975-0189

Verktaki:

Kt: _____

Dags: _____ 2017

Byggingarstaður: Félagshús Snarfara

Samantekt:

Verkið felur í sér að mála klæðningu og glugga félagshús Snarfara í sama lit og nú er að undanskildum austur gafli og þakkannti.

Gefa skal fast verð í verkið og miðast það við heildarkostnað verksins. Hreinsa skal alla lausa málningu af klæðningu bletta með grunn í bletti þar sem skín í bert timbur og mála síðan eina til tvær umferðir. Skila skal umhverfi um húsið hreinu að verki loknu.

Heildarverð efni og vinna: _____ kr.

Vsk. 24% _____ kr. Samtals: _____ kr